

Fundargerð

156. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðviku-
daginn 2. okt. 2013 kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.
2. Fjárhagsáætlun ársins 2014, tillaga og áætlun kostnaðarskipting.

Forsendur fjárhagsáætlunar voru kynntar og helstu útgjaldaliðir skýrðir. Einnig var kynnt áætlun um kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir 4,7% hækkun á milli ára; samtals kr. 53.276.000,-
Heilbrigðisnefnd samþykkir fjárhagsáætlun ársins 2014; sjá meðfylgjandi gögn.

3. Möl og sandur (HGH verk ehf), Súluvegi 1, 600 Akureyri; fráveitumál.

Farið var yfir stöðu mála varðandi fráveitumál fyrirtækisins og eftirfarandi bókað:

öHeilbrigðisnefnd Norðurlands eystra gerir þá kröfu að Möl og sandur (HGH Verk ehf.) hætti losun á óhreinsuðu skólpi út í Glerá hið allra fyrsta og eigi síðar en 1.nóvember 2013, og að fyrirtækið hætti skolun á tromlum steypubíla út í Glerá hið allra fyrsta og eigi síðar en 1.desember 2013. Heilbrigðisnefnd fer jafnframt fram á að Möl og sandur upplýsi nefndina um væntanlegar úrbætur innan 2ja vikna frá dagsetningu bókunar.

Heilbrigðisnefnd hefur bókað eftirfarandi að beiðni forsvarsmanns Malar og sands:

öÞað er ósk okkar hjá HGH Verk að áfram verði góð samskipti á milli HNE og HGH og að umræða um starfssvæðið eða starfsleyfið sé ekki færð yfir í fjölmíðla. Þetta óskast bókað í fundargerð HNE.ö

Heilbrigðisnefnd tekur undir þá ósk fyrirtækisins að áfram verði um góð samskipti við HNE að ræða. Nefndin bendir jafnframt á að eftirlitsaðila er skylt að láta af hendi upplýsingar sem varða niðurstöður mengunarvarnaeftirlits, samkvæmt 20.gr. reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit, m.s.br. Að auki er eftirlitsaðila gert skylt að veita almenningi aðgang að starfsleyfi rekstraraðila samkvæmt 28.gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, m.s.br.
Löggð er áhersla á að HNE lætur einungis af hendi umræddar upplýsingar sé eftir þeim óskað með formlegum hætti. ö

4. Orkey ehf, Njarðarnesi 10, 600 Akureyri; mörbræðsla.

Farið var yfir stöðu mála varðandi fráveitumál fyrirtækisins og umsóknar um starfsleyfi og eftirfarandi bókað:

Það er álit Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra að forsendur starfsleyfisveitingar fyrir mörbræðslu Orkeyjar ehf. að Njarðarnesi 10 séu ekki fyrir hendi eins og staða mengunarvarna fyrirtækisins er í dag. Heilbrigðisnefnd getur því ekki samþykkt umsókn Orkeyjar ehf. um starfsleyfi fyrir umrædda starfsemi. Mörbræðsla fyrirtækisins er því enn án starfsleyfis.

Farið er fram á að Orkey ehf. komi upp viðeigandi mengunarvarnabúnaði hið allra fyrsta og í síðasta lagi 1.nóvember 2013, að öðrum kosti skuli mörbræðslu fyrirtækisins hætt í núverandi húsnæði.ö

5. Gámaþjónusta Norðurlands ehf, Hlíðarvöllum, 603 Akureyri; beiðni um breytingu á losunarmörkum í fráveitu.

Kynnt var erindi frá Gámaþjónustu Norðurlands ehf þar sem lögð er fram beiðni um breytingu á losunarmörkum í fráveitu vegna starfsemi fyrirtækisins að Hlíðarvöllum á Akureyri. Fyrirtækið hefur borið sama erindi upp við Umhverfisstofnun og fyrir liggur að Umhverfisstofnun hefur hafnað erindi Gámaþjónustu Norðurlands og er vísað til rökstuðnings í svari Umhverfis-stofnunar. Umræða varð um mikilvægi þess að sveitarfélög setji í fráveitusamþykktir skýr og mælanleg viðmið um forhreinsun á fráveituvatni frá atvinnustarfsemi sem getur haft í för með sér mengun.

6. Akureyrarbær; fráveituframkvæmdir.

Farið var yfir stöðu mála varðandi fráveitumál Akureyrarbæjar og annara sveitarfélaga á starfssvæði nefndarinnar og eftirfarandi bókað:

öHeilbrigðisnefnd Norðurlands eystra minnir á upplýsingaskyldu sveitarfélaga og fer fram á það við yfirmenn fráveitumála sveitarfélaga að nefndinni verði framvegis sendar upplýsingar um fyrirhugaðar fráveituframkvæmdir eða endurbætur á fráveitum, svo nefndin megi uppfylla hlutverk sitt í samræmi við 15.gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, m.s.br.ö

Umsagnir:

1. Skipulags- og matslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 vegna færslu háspennumannvirkja að og frá iðnaðarsvæðinu á Bakka.
2. Skipulags- og matslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Norðurþings vegna stækkunar sorpurðunarsvæðis á Kópaskeri
3. Skipulags- og matslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Norðurþings vegna lagningar jarðstrengs meðfram Reykjaheiðarvegi frá Húsavík að Höfuðreiðarmúla.
4. Skipulagslýsing fyrir breytingu aðalskipulags Norðurþings 2010-2030 vegna stækkunar þjónustusvæðis við golfvöllinn á Húsavík og deiliskipulags svæðis undir golfskála og hótélbyggingar.

Þorkell Björnsson kynnti helstu atriði í umsögnum undir lið 1 til 4 og vakti m.a. athygli á auknum kröfum sem gerðar eru til styrks og gæða á húsbyggingum.

5. Skútar í Hörgársveit; tillaga að deiliskipulagi.

María Markúsdóttir kynnti jákvæða umsögn vegna deiliskipulags Skúta í Hörgársveit.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Ferðamálafélag Hríseyjar, kt. 680709-0760, Norðurvegi 3, 630 Hrísey. Umsókn um starfsleyfi vegna reksturs í húsi Hákarla Jörundar; þ.e. sýning um sögu hákarlaveiða við Íslandsstrendur og um sögu Hríseyjar ásamt rekstri á móttökueldhúsi þar sem boðið er upp á að bragða á afurðum úr héraði. **Samþykkt.**
2. Minjasafnið á Akureyri, kt. 460269-1569, Aðalstræti 58, 600 Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna eftirtalinna rekstrareininga: Gamli bærinn Laufási ásamt þjónustuhúsi, Nonnahús, Davíðshús og Sigurhæðir. **Samþykkt.**
3. SB sport ehf, kt. 580912-0440, Rimasíðu 3, 603 Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna flutnings á rekstri í KA heimilið á Akureyri. **Samþykkt.**
4. Olíuverslun Íslands, kt. 500269-3249, Skíðabraut 21, 620 Dalvík, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna verslunarreksturs og veitingasölu. **Samþykkt.**
5. Inspiration Iceland ehf; kt. 550910-1170, Hörg Svalbarðseyri, 601 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna hundahalds í atvinnuskini (dráttar- og sleðahundar og útivistarstarfsemi). **Afgreiðslu frestað þar sem afstaða skipulagsyfirvalda liggur ekki fyrir.**
6. Ektafiskur ehf., kt 671200-2750, Hafnargötu 6, 621 Árskógssandi. Fiskvinnsla. Endurnýjun starfsleyfis vegna mengunarvarna. **Samþykkt.**
7. Manni ehf., kt 550601-3620, Goðanesi 8-10, 603 Akureyri. Fiskvinnsla. Nýtt starfsleyfi. **Samþykkt.**
8. Slökkvilið Akureyrar, kt 410169-6229, Árstíg 2, 600 Akureyri. **Samþykkt.** Æfingasvæði slökkviliðs á plani slökkvistöðvar. Nýtt starfsleyfi. **Samþykkt.**
9. Slökkvilið Akureyrar, kt 410169-6229, Árstíg 2, 600 Akureyri. Æfingasvæði slökkviliðs á plani Malbikunarstöðvar Akureyrar. Nýtt starfsleyfi. **Samþykkt.**

Önnur mál:

Skýrt var frá skoðunarferð og fundi sem formaður heilbrigðisnefndar og framkvæmdastjóri HNE áttu með Sveitahótelinu í Sveinbjarnargerði þann 19. sept. s.l.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.30.

Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir
formaður

Alfreð Schiöth

Sigurjón Jóhannesson

Þorkell Björnsson

Hafsteinn H. Gunnarsson

Þórey Agnarsdóttir

Steinn Karlsson

María Markúsdóttir